

Hagnaður 218 millj. kr. á 1F 2026

Helstu niðurstöður 1. ársfjórðungs 2026

- Vörusala nam 40.061 millj. kr. sem er aukning um 6,0% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 9.747 millj. kr. sem er aukning um 5,8% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 24,3% og lækkar um 0,1 p.p. frá 1F 2025 en 0,6 p.p. án áhrifa gengis, breytinga á heimsmarkaði eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti um síðustu áramót.
- EBITDA nam 2.565 millj. kr. og hækkar um 3,0% milli ára.
- Hagnaður nam 218 millj. kr. og arðsemi eigin fjár 13,7%.
- Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 32 millj. kr. en einskiptisáhrif í rekstrartengdum eignum og skuldum skýra mismun milli ára.
- Vaxtaberandi skuldir voru endurfjármagnaðar á fjórðungnum fyrir um 4,2 ma. kr. ásamt 297 millj. kr. sem greidd voru inná önnur lán. Þá voru keypt eigin bréf fyrir 563 millj. kr.
- Eigið fé nam 44.971 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 38,7% í lok 1F 2026 samanborið við 41,2% í árslok 2025. Félagið úthlutaði arði fyrir 2.151 millj. kr í mars sem greitt var til hluthafa 9.apríl sl.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2026 er óbreytt og nemur 16.500 – 17.000 millj. kr.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Vöru- og þjónustusala	40.061	37.786	2.275	6,0%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	9.747	9.212	535	5,8%
Aðrar rekstrartekjur	564	549	15	2,7%
EBITDA	2.565	2.489	76	3,0%
EBIT	1.080	1.100	-19	-1,8%
EBT	271	329	-58	-17,6%
Hagnaður tímabilsins	218	279	-61	-21,9%
Efnahagsreikningur	31.3.2026	31.12.2025	Breyt.	% Breyt.
Birgðir	16.182	14.179	2.003	14,1%
Viðskiptakröfur	5.105	5.435	-331	-6,1%
Handbært fé	4.220	5.929	-1.709	-28,8%
Vaxtaberandi skuldir	39.829	38.876	953	2,5%
Nettó vaxtaberandi skuldir	35.609	32.947	2.662	8,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	2,2	2,1	0,1	4,8%
Eiginfjárlutfall	38,7%	41,2%	-2,5 p.p.	-6,1%
Arðsemi eigin fjár	13,7%	13,9%	-0,2 p.p.	-1,6%
Sjóðstreymi	1F 2026	1F 2025	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	-32	2.407	-2.439	-101,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.444	-764	-680	89,0%
Fjármögnunarhreyfingar	-237	-682	445	-65,2%
Handbært fé í lok tímabils	4.220	5.029	-808	-16,1%
Lykiltölur				
Framlegð af vörusölu	24,3%	24,4%	-0,1 p.p.	-0,2%
Starfsmannakostnaður/framlegð	58,4%	57,6%	+0,8 p.p.	1,3%
EBITDA/framlegð	26,3%	27,0%	-0,7 p.p.	-2,6%
Hagnaður/framlegð	2,2%	3,0%	-0,8 p.p.	-26,2%
Hagnaður á hlut	0,7	0,9	-0,2	-21,1%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	-0,3%	26,1%	-26,4 p.p.	-101,2%
Fjárfestingar	1.368	901	467	51,8%

Rekstur 1. ársfjórðungs 2026

Rekstur félagsins gekk vel og í takti við áætlun stjórnenda. Vörusala í flestum vöruflokkum jókst í magni milli ára. Afgreiðslufjöldi jókst um 1,4%, fjöldi seldra vara um 5,8% og fjöldi seldra eldsneytislítra jókst um 18,5%, mestmegnis í sölu til stórnotenda. Framlegðarstig nam 24,3% og lækkar um 1,1 p.p frá síðasta ársfjórðungi en lækkar um 0,1 p.p. frá sama fjórðungi síðasta árs. Framlegð í krónum jókst um 5,8% milli ára en rekstrarkostnaður hækkaði um 6,5% á sama tíma. EBITDA félagsins nam 2.565 millj. kr. sem er 3,0% hækkun milli ára. EBITDA ELKO jókst um 98 millj. kr. eða 38,9%, EBITDA Krónunnar jókst um 330 millj. kr. eða 26,0%, EBITDA Lyfju jókst um 4 millj. kr. eða 1,1% en EBITDA N1 lækkaði um 316 millj. kr. milli ára eða um 41,6%, vegna lægri framlegðar af eldsneytissölu sem og að slæmt veður í mars dró úr ferðalögum innanlands. Hagnaður ársfjórðungsins nam 218 millj. kr. og lækkar um 61 millj. kr. milli ára.

Tekjur 1. ársfjórðungs 2026

- Heildartekjur námu 40.625 millj. kr. sem er aukning um 6,0% milli ára en 8,6% án áhrifa breytinga á gengi, heimsmarkaðsverði eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti um síðustu áramót.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 40.061 millj. kr. sem er aukning um 6,0% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 21.785 millj. kr. sem er aukning um 11,0% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 7.630 millj. kr. sem er minnkun um 6,8% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.613 millj. kr. sem er aukning um 7,0% milli ára.
- Tekjur af lyfseðilsskyldum- og lausasölulyfjum námu 3.884 millj. kr. sem er aukning um 11,8% milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.150 millj. kr. sem er lækkun um 1,6% milli ára.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala				
Dagvörur	21.785	19.629	2.155	11,0%
Eldsneyti og rafmagn	7.630	8.189	-559	-6,8%
Raftæki	4.613	4.309	303	7,0%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	3.884	3.473	411	11,8%
Aðrar vörur og þjónusta	2.150	2.186	-35	-1,6%
Samtals vöru-og þjónustusala	40.061	37.786	2.275	6,0%
Aðrar rekstrartekjur	564	549	15	2,7%
Tekjur samtals	40.625	38.335	2.290	6,0%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 11,0% milli ára, en þar er aukning Krónunnar um 13,1%. Tekjur af eldsneyti og rafmagn drógust saman um 6,0% milli ára þrátt fyrir að selt magn eldsneytis aukist um 18,5% milli ára. Afnáam olíugjalda á eldsneyti frá síðustu áramótum ásamt breytingu á heimsmarkaðsverði eldsneytis milli ára skýrir þá lækkun að mestu. Tekjur af raftækjasölu jukust um 7,0% milli ára og tekjur af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum jukust um 11,8% milli ára. Þá lækkuðu tekjur af annarri vöru og þjónustusölu um 1,6% milli ára.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 1. ársfjórðungi 2026

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 9.747 millj. kr. sem er 5,8% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 24,3% og lækkar um 1,1 p.p frá síðasta ársfjórðungi en lækkar um 0,1 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 5.108 millj. kr. sem er aukning um 11,5% milli ára. Framlegðarstig nam 23,4% sem er lækkun um 0,1 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en hækkun um 0,1 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.637 millj. kr. sem er lækkun um 10,6% milli ára. Framlegðarstig nam 21,5% sem er lækkun um 0,5 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en lækkar um 0,8 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.278 millj. kr. sem er hækkun um 15,3% milli ára. Framlegðarstig nam 27,7% sem er hækkun um 0,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en hækkun um 2,0 p.p. milli ára.
- Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 956 millj. kr. sem er aukning um 2,5% milli ára. Framlegðarstig nam 24,6% sem er lækkun um 0,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og lækkun um 2,3 p.p. milli ára.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 768 millj. kr. sem er aukning um 1,2% milli ára. Framlegðarstig nam 35,7% sem er hækkun um 1,0 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu				
Dagvörur	5.108	4.582	526	11,5%
Eldsneyti og rafmagn	1.637	1.830	-193	-10,6%
Raftæki	1.278	1.108	170	15,3%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	956	933	24	2,5%
Aðrar vörur og þjónusta	768	759	9	1,2%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	9.747	9.212	535	5,8%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 9.747 millj. kr. samanborið við 9.212 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2025 sem er 5,8% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 5.108 millj. kr. sem er 11,5% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.637 millj. kr. sem er 10,6% lækkun milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.278 millj. kr. sem er 15,3% hækkun milli ára. Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 956 millj. kr. sem er 2,5% hækkun milli ára. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 768 millj. kr. sem er 1,2% hækkun milli ára.

Rekstrarkostnaður 1. ársfjórðungs 2026

- Rekstrarkostnaður á 1F 2026 nam 7.746 millj. kr. og hækkar um 474 millj. kr. milli ára eða um 6,5%.
- Laun- og starfsmannakostnaður hækkar um 384 millj. kr. eða 7,2% milli ára.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.675 á fjórðungnum sem er fjölgun um 4,0% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 90 millj. kr. eða um 4,6% milli ára.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður				
Laun og annar starfsmannakostnaður	5.688	5.305	384	7,2%
Annar rekstrarkostnaður				
Rekstrarkostnaður fasteigna	629	592	37	6,3%
Viðhaldskostnaður	281	297	-15	-5,2%
Sölu- og markaðskostnaður	487	444	42	9,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	146	154	-8	-5,0%
Samskiptakostnaður	345	336	9	2,6%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	44	32	12	37,1%
Annar kostnaður	125	112	13	12,1%
Samtals annar rekstrarkostnaður	2.057	1.967	90	4,6%
Samtals rekstrarkostnaður	7.746	7.272	474	6,5%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 1F 2026 nam 5.688 millj. kr. samanborið við 5.305 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 7,2% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.675 á fjórðungnum sem er fjölgun um 64 eða 4,0% milli ára. Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 4,4% milli ára en í heildina þá hækka laun og starfsmannakostnaður um 3,5% ef ekki er tekið tillit til áhrifa af breytingum í stöðugildum. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 1F 2025	5.305
Stöðugildi - breyting	198
Samningsbundnar launahækkunir	198
Breyting í starfsmannakostnaði	-46
Aðrar breytingar	33
Laun og launatengd gjöld 1F 2026	5.688

Annar rekstrarkostnaður nam 2.057 millj. kr. samanborið við 1.967 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 90 millj. kr. eða 4,6%. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gætir á alla kostnaðarliði. Heilt yfir má segja að ágætur árangur hafi náðst í aðhaldi alls rekstrarkostnaðar á 1F 2026 en kostnaðurinn jókst samtals um 6,5%, í takt við verðbólgu og veltuaukningu.

Fjármagnsliðir 1. ársfjórðungs 2026

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 809 millj. kr. samanborið við 771 millj. kr. neikvæð áhrif frá árinu áður. Kostnaðurinn hækkar því um 39 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 118 millj. kr. og lækka um 3 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 1.005 millj. kr. og hækka um 45 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var óverulegur og lækkar um 19 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 77 millj. kr. og lækka um 10 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	118	121	-3	-2,5%
Fjármagnsgjöld	-1.005	-960	-45	4,6%
Gengismunur	0	-19	19	100,2%
Áhrif hlutdeildarféлага	77	87	-10	-11,5%
Samtals	-809	-771	-39	5,0%

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 1F 2026

- Heildareignir námu 116,2 ma. kr. í lok árs 1F 2026 og hafa aukist um 0,4 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Fastafjármunir námu 89,4 ma. kr. og hafa hækkað um 0,3 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Veltufjármunir námu 26,8 ma. kr. og hafa aukist um 0,1 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Handbært fé nam 4,2 ma. kr. í lok 1F 2026 sem er lækkun um 1,7 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 35,6 ma. kr. og hafa hækkað um 2,7 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Eignfjárhlutfall félagsins var 38,7% í lok 1F 2026 samanborið við 41,2% í árslok 2025.

Milljónir króna	31.3.2026	31.12.2025	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	18.367	18.367	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	7.545	7.659	-114	-1,5%
Rekstrarfjármunir	43.962	43.655	307	0,7%
Leigugæignir	10.404	10.510	-106	-1,0%
Fjárfestingarfasteignir	6.813	6.731	82	1,2%
Birgðir	16.182	14.179	2.003	14,1%
Viðskiptakröfur	5.105	5.435	-331	-6,1%
Handbært fé	4.220	5.929	-1.709	-28,8%
Vaxtaberandi skuldir	39.829	38.876	953	2,5%
Nettó vaxtaberandi skuldir	35.609	32.947	2.662	8,1%
Eignfjárhlutfall	38,7%	41,2%	-2,5 p.p.	-6,1%
Veltuhraði vörubirgða	9,0	8,5	0,5	5,9%

Viðskiptavild nemur 18.367 millj. kr. sem er um 15,8% af heildareignum. Aðrar óefnislegar eignir námu 7.545 millj. kr., og lækka um 114 millj. kr. milli ára. Rekstrarfjármunir nema 43.962 millj. kr. og hækka um 307 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarfasteignir nema 6.813 millj. kr. og hækka um 82 millj. kr. milli ára. Viðskiptakröfur lækka um 331 millj. kr. og handbært fé lækkar um 1.709 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 35.609 millj. kr. sem er hækkun um 2.662 millj. kr. frá áramótum. Eignfjárhlutfall félagsins var 38,7% í lok 1F 2026 samanborið við 41,2% í lok árs 2025. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 1. ársfjórðungs 2026

- Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 32 millj. kr. sem er lækkun um 2.439 millj. kr. frá árinu áður. Einskiptisáhrif í rekstrartengdum eignum og skuldum skýra mismun milli ára.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.444 millj. kr. sem er hækkun um 680 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 237 millj. kr. lækkun um 445 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi				
Handbært fé í byrjun tímabils	5.929	4.075	1.854	45,5%
Handbært fé frá rekstri	-32	2.407	-2.439	-101,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.444	-764	-680	89,0%
Fjármögnunarhreyfingar	-237	-682	445	-65,2%
Gengismunur af handbæru fé	5	-8	12	-162,6%
Breyting á handbæru fé	-1.713	961	-2.674	-278,3%
Handbært fé í lok tímabils	4.220	5.029	-808	-16,1%

Handbært fé frá rekstri á 1 ársfjórðungi 2026 var neikvætt um 32 millj. kr. sem er lækkun um 2.439 millj. kr. milli ára. Aukin fjárbinding í birgðum vegna gríðarlegar hækkunar eldsneytisverðs í mars ásamt breytinga í greiðslufrestum opinberra gjalda tengd afnámi olúgjalds um síðustu áramót skýra að mestu muninn milli ára. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.444 millj. kr. og eru 680 millj. kr. hærri en árið áður. Fjárfestingar námu 1.368 millj. kr. sem er aukning um 467 millj. kr. milli ára. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 237 millj. kr. sem er lækkun um 445 millj. kr. milli ára. Afborganir af vaxtaberandi lánum námu 297 millj. kr., af leiguskuldum 385 millj. kr og endurkaup á eigin hlutabréfum námu 563 millj. kr. á fjórðungnum. Handbært fé lækkaði um 808 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2026 og nam handbært fé í lok tímabilsins 4.220 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2026

- Áframhaldandi viðvarandi spenna í Mið-Austurlöndum hafa skapað verulega óvissu í alþjóðamálum.
- Verð á hrávörumörkuðum hafa hækkað mikið vegna áhyggja af truflunum í aðfangakeðjum.
- Verðbólga á Íslandi hefur aukist og haldist hún út árið mun hún hafa áhrifa á vörukostnað og rekstrarkostnað í öllum flokkum.
- Horfur í rekstri eru þrátt fyrir þetta góðar fyrir árið með mikilvægu sumarmánuðina framundan.
- Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda ferðamanna og á síðasta ári og er búist við því að allir starfspættir bæti afkomu sína milli ára nema N1 sem verður fyrir mestu áhrifunum af umrótinu á alþjóðamörkuðum.
- Áfram verður mikil áhersla lögð á aukna hagræðingu og skilvirkni í allri virðis_keðju samstæðunnar.
- Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið til að takast á við frekari vöxt og tækifæri til að efla enn frekar afkomu félagsins.

EBITDA spá félagsins fyrir 2026 og óbreytt og nemur 16.500 – 17.000 millj. kr.

CAPEX spá félagsins fyrir árið 2026 er óbreytt og nemur 7.500 – 8.000 millj. kr.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 1F 2026 nam 98,4 milljörðum króna og lækkar um 1,8% frá ársbyrjun 2026.
- Hluthafar félagsins voru 1.851 í lok 1F 2026 og fjölgaði um 122 frá ársbyrjun 2026.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 30. apríl 2026

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 30. apríl 2026 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-1f-2026>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplýsingar>

Fjárhagsdagatal

- 2F 2026: 28. júlí 2026
- 3F 2026: 28. október 2026
- 4F 2026: 3. febrúar 2027

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (mki@festi.is).